

Skýrsla vallarstjóra 2019

Golfsumarið 2019 í Öndverðarnesi var ekki bara frábært veðurlega séð, heldur einnig það lengsta. Við opnuðum fyrir rástímaskráningu inn á golf.is þann 27. apríl og lokuðum vellinum 21. október.

Undirritaður bætti við sig starfi framkvæmdastjóra í byrjun árs og hefur það gengið vel, og þakka ég félögum gott samstarf á árinu. Auk mín störfuðu hjá klúbbnum Ólafur Dór Steindórsson sem kom heim út námi í golfvallafræðum í Skotlandi og tók við daglegri verkstjórn á vellinum yfir sumarið. Auk okkar störfuðu Friðrik Guðmundsson, Ásbjörn Einarsson, Sindri Rúnarsson og Hrannar Harðarsson við umhirðu. Friðrik kom til okkar með góða reynslu úr Kiðjabergi, Ási hefur unnið hjá okkur í fjölmörg sumur en Sindri og Hrannar voru á sínu fyrsta sumri í Öndverðarnesi. Kann ég þeim mínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Í ágústlok var Ólafur Dór ráðin í fullt starf hjá klúbbnum og er það gæfuspör fyrir klúbbinn.

Ástand vallar

Veturinn 2018-2019 var að öllu leyti mjög ólíkur vetrinum áður, og má segja að ekki hafi verið neitt frost í jörðu fyrr en rétt fyrir vorið þegar snjó tók að leysa. Á þeim tíma er hiti yfir daginn og styrkur sólar orðinn það mikill að frost hljóp aldrei niður fyrir efstu jarðlög og því tók vöxtur mjög fljótt við sér í vor sem endurspeglast í því hversu snemma við gátum opnað völlinn.

Við tók hlýtt og þurrt sumar framan af en lítil sem engin úrkoma í maí lok og júní setti mark sitt á völlinn. Vökvunarkerfið sem komið er í hluta vallar gekk daglega og var okkur ómetanlegt. Júlí úrkoma var með eðlilegum hætti en ágúst var aftur mjög þurr mánuður framan af en náði þó meðalúrkomu þegar leið á. Að neðan má sjá úrkomutöflu til samanburðar milli ára 2018 og 2019.

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst
2019	47,2 mm	17,8 mm	74,2 mm	51,1
2018	180 mm	121,2 mm	72,6 mm	77,2

Sáningar í nýju teigunum á 8. braut og æfingateig tóku vel við sér í góðu veðri og var æfingarteigurinn vel nýttur eftir að hann opnaði. Nýjir teigar á 8. holu voru vígðir í Wiskey mótinu og voru bestu teigar vallarins í sumar. Haustið var mjög milt og gott, og ástand flata og teiga sjaldan verið betra, og fór völlurinn í toppstandi inn í veturinn.



Mynd 1 - 18 flöt í lok apríl

Framkvæmdir og vinnudagurinn



Mynd 2 - Unnið við hellulagnir á 8. teig

Vinnudagurinn

Vinnudagurinn var haldinn þann 11. maí og var mæting góð eins og vaninn er. Mikið af verkefnum lágu fyrir og miklu var komið í verk. Ber þar helst að nefna mikla vinnu við að fylla í drenskurði á 11. braut og tyrfingar við ræsi víða um völl og við nýju teigana á 8. braut. Einnig voru lagðar hellur við teigana sem setja mikinn svip á svæðið. Unnið var við stígavinnu og snyrtingar ásamt því að skálinn fékk sína yfirhalningu. Vallarstarfsmenn eru ávallt gríðarlega þakklátir fyrir vinnuframlag félaga á þessum degi og er það ómetanlegt.

Drenframkvæmdir

Í fyrra haust var hafin vinna við niðursetningu ræsa á ýmsum veikum/blautum blettum á brautum vallarins og var þeirri vinnu lokið í vor. Var þá hafist handa við að ræsa fram síðasta hluta 11. brautar og má segja að nánast allt snöggslegið svæði 11. brautar hafi nú verið ræst fram. Yfir 500m af drenbarka voru lagðir í brautina, sitthvoru megin við gamla skurðstæðið og vatnið úr þeim leitt niður í ræsi. Einnig voru lagðir drenbarkar á fyrri hluta 11. brautar og inn á æfingarsvæðinu okkar.



Mynd 3 - Drenframkvæmdir á 11. braut



Mynd 4 - Steypt plata undir nýtt salerni

Nýtt salerni milli 15. og 16. brautar

Ákveðið var í samráði við góða styrktaraðilla okkar að hefja framkvæmdir við að reisa nýtt salerni milli 15. og 16. brautar. Ákveðið var að finna því nýtt svæði aðeins inn í kjarrinu, það veitir því meiri sjarma og færir það úr augsýn kylfinga sem leika 15. holu. Í húsinu verða 2 salerni og handlaug. Nutum við aðstoðar Össa við að reisa það og fær hann bestu þakkir. Vinna við það heldur áfram og klárast að okkar von á vinnudeginum í vor. Húsið kemur frá Húsasmiðjunni.

Ný flöt á 4. holu

Vallarnefnd lagði til þá tillögu í haust að ráðist verði í langþráðar framkvæmdir við endurbyggingu 4 flatar. Var það samþykkt af stjórn og hófust framkvæmdir að eftir lokamót. Við fengum til verksins góða Caterpillar gröfu frá vélaumboðinu Klett og hefur vinnan verið unnin af undirrituðum og Óla.

Fyrri flöt var barn síns tíma, byggð á árunum 1982-1983 og var ekki nema um það bil 130 m². Markmið endurbyggingarinnar var að stækka leiksvæði flatarinnar til muna og endurmóta umhverfi hennar innan réttarinnar án þess þó að hrófla við séreinkennum svæðisins.



Mynd 5- Botn nýrrar flatar mótaður og drenlagnir grafnar



Mynd 6 - Rótarlagi hefur verið keyrt í flötina og það mótað fyrir veturinn

Mikil vinna hefur átt sér stað og var um það bil 200 m³ af efni ekið út úr réttinni og mótað í hólalandslag sem nú skilur að 4. og 5. holu. Flötin var vel byggð upp og hefur efnisflutningi og mótun að mestu verið lokið. Vinnu við lagningu vökvunakerfis í flötina og fín frágangur mun eiga sér stað strax í vor áður en við sáum í hana. Leikið verður á varaflet á meðan framkvæmdum stendur.

Samhliða framkvæmdum á 4. flöt byggjum við nýjan fremri teig á 5. holu. Lega hans er aðeins breytt og er höggstefna nú svipuð og af aftari teig. Sáð verður í hann en leikið af gamla teignum meðan sá nýji er að gróa.



Vélakaup

Ákveðið var að endurnýja golfbílana sem klúbburinn hefur til útleigu enda voru þeir sem fyrir voru komnir til ára sinna. Fyrir valinu urðu 4 nýjir lithium rafmagnsbílar af gerðinni EZGO. Þeir nutu mikilla vinsælda í leigunni í sumar og voru vel nýttir. Tveir af fjórum eldri bílum voru seldir en tveimur haldið eftir og getum við því boðið 6 bíla til leigu ef með þarf.

Þá festi klúbburinn kaup á notuðum vinnubíl af gerðinni Cushman en með honum fylgdi sandari sem vinnur á annan hátt en sá sandari sem við eigum fyrir, afköst hans í lettri söndun eru meiri og hraðari og nýtist hann vel til að léttisanda flatir fyrir sumarið með lágmarks truflun fyrir kylfinga. Búum við því yfir tveimur gerðum af söndurum í dag sem báðir nýtast vel í þau verk sem þeir eru ætlaðir.

Á haustmánuðum var ákveðið að festa kaup á svonefndri ruddaslátturvél. Vélin er keyrð áfram af traktorinum okkar og ræður við að slá niður hátt gras og karga. Höfum við í haust slegið niður töluvert af háu grasi milli brauta og á æfingarsvæðinu svo hægt sé að hirða það með ákjósanlegri vélum næsta sumar. Ekki er þar með sagt að allt röff verði slegið niður, en það þynnir smá saman út hátt gras utan brauta þegar það er reglulega slegið niður og hirt.

Lokaorð

Sumarið var yfir það heila mjög gott golfsumar. Aðsókn og nýting vallarins var með besta móti og voru leiknir vel yfir 12 þúsund hringir á vellinum. Sjaldan hefur verið opið eins lengi inn á sumarflatir eða alls 177 daga úr árinu sem gerir rétt tæplega 6 mánaða tímabil. Gæði vallarins voru einnig með besta móti og okkur vallarstafsmönnum hvatning til að gera enn betur á komandi árum. Við kveðjum því 2019 með góðum minningum og bjóðum 2020 velkomið!

Sveinn Steindórsson, Vallar- og framkvæmdastjóri